



Neytendasamtökin

Akraneskaupstaður  
B/t Sævars Freys Þráinssonar, bæjarstjóra  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
3.11	GÍSÓ	- 3. DEZ. 2018
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. Oné
St. A	SAS	1812006

Reykjavík 27. nóvember 2018

**Efni: Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2019.**

Með bréfi þessu fara Neytendasamtökin þess á leit við sveitarstjórn Akraneskaupstaðar að hún styðji neytendastarf á næsta ári með framlagi til Neytendasamtakanna.

Neytendasamtökin voru stofnuð 1953 og eru ein elstu neytendasamtök í Evrópu. Þau hafa allt frá upphafi sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur og aðstoðað þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Á ári hverju koma um 9000 mál á borð samtakanna og veita þau umsagnir um á fimmta tug þingsályktunartillagna og lagafumvarpa sem varða neytendur og leigjendur. Þá hafa Neytendasamtökin átt frumkvæði að stofnun kærunefnda, þau taka þátt í margs konar starfi þar sem rödd neytenda þarf að heyrast og leggja sitt að mörkum við að fræða neytendur hvort sem er í gegnum fjölmörla eða með útgáfu Neytendablaðsins. Félagsmenn eru rúmlega 8.000 og standa þeir undir um 70% af rekstri starfseminnar með félagsgjöldum sínum, um 15% eru opinberir styrkir og annað eins vegna annarra tekna. Til samanburðar má nefna að á Norðurlöndum standa standa opinberir styrkir undir frá 45% og upp í um 80% rekstrarkostnaðar systursamtakanna.

Undanfarin 5 ár hafa Neytendasamtökin rekið leigjendaaðstoð (sjá leigjendur.is) og hefur eftirspurn eftur þeirri mikilvægu þjónustu stóraukist ár frá ári. Notendur þjónustunnar eru hvaðanæva að af landinu. Nokkur stærstu sveitarfélög landsins styrkja Neytendasamtökin og gerir þeim kleift að veita leigjendum meiri og betri þjónustu.

Neytendasamtökin sækja því um styrk hjá sveitarstjórn Akraneskaupstað vegna þeirrar samfélagslegu þjónustu sem samtökin veita íbúum sveitarfélagsins að upphæð uppb 5 kr. fyrir hvern íbúa.

**Því sækja Neytendasamtökin um styrk hjá Akraneskaupstað að upphæð 40.000 krónur fyrir árið 2019.**

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

Breki Karlsson, formaður